

Gjafir til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Selfossi 2008



Kvenfélag Eyrarbakka

gaf fæðingardeild HSu sambyggt sùrefnismettunar- blóð- þrýstings- og hitamælir að verðmæti 516 þúsund m.vsk.



Vörður félag stjórnenda á Suðurlandi

gaf stofnuninni peningagjöf kr. 500 þúsund til iðjuþjálfunar fyrir hjúkr- unardeild Ljósheima.



Í tilefni 15 ára afmælis Oddfellowreglunnar á Suðurlandi

gaf reglan bæði vinnu og efni við innréttingu nýrrar kapellu ásamt húsgögnum og búnaði. Formleg afhending fór fram við vígslu kapellunnar 16. nóv. 2008. Verðmæti gjafarinnar eru 8 milljónir.



Rauða kross deild Rangárvallasýslu

gaf heilsugæslustöð Rangárþings peningagjöf kr. 1.5 millj. fyrir sjúkrþjálfunar- aðstöðu stöðvarinnar.



Guðnabakari

afhenti stofnuninni 25. þúsund kr. sem er andvirði stærstu bollu sem bökuð hefur verið á Íslandi á bolludaginn 4. febr. 2008.



Steindór Zóphóniasson

gaf stofnuninni 1 millj. þann 12. febr. 08 sem þakklætisvott fyrir góða þjónustu. Steindór lést 17. mars 2008.



Esther Ýr Óskarsdóttir og Harpa Hlíf Guðjónsdóttir

gáfu stofnuninni kr. 1.584.- sem ágóða af hannyrðasölu þeirra.



Vinafélag Ljósheima og Fossheima

gáfu 600 þúsund eða 300 þúsund fyrir hvora deild í tilefni opunar deildanna í nýju byggingunni.

Samband sunnlenskra kvenna

gaf sjúkradeild HSu peningagjöf að upphæð kr. 3.2 millj. til kaupa á sjúkrarúmi í tilefni af vígslu nýrrar hjúkrunardeildar í nýbyggingu stofnunarinnar á Selfossi þann 24. jan. 2008. Einnig gaf sambandið kapellunni í tilefni vígslunnar 16. nóv. 2008 peningaupphæð kr. 425 þúsund sem var ágóði af útsaumsverkefni SSK.

Kvenfélag Selfoss

gaf fæðingardeild HSu peningagjöf kr. 414.645.- til kaupa á sjúkrarúmi og dýnu. Einnig gaf Kvenfélag Selfoss 4 hvíldarstóla á hjúkrunardeild Ljósheima í tilefni opunar 24. jan. 2008 að verðmæti kr. 231.100,00 og í minningarherbergi Ljósheima gaf félagið hillu og skjöld til heiðurs stofnfélögum kvenfélagsins samtals að verðmæti 25. þúsund.

Starfsmenn á hjúkrunardeild Ljósheima

gáfu rafmagns kertaljós og borðlampa, að verðmæti 22. þúsund. Gjöfin var gefin í tilefni opunar deildarinnar í nýbyggingunni.



Hjónin Sigrún Kristjánsdóttir, ljósmóðir og Valdimar Hafsteinsson, forstjóri Kjöriss

gáfu fæðinadeildinni nýja digital myndavél af gerðinni Canon Digital Ixus 7,5 og voru þá að endurnýja vél sem þau gáfu fyrir nokkrum árum.



Hafsteinn Þorvaldsson og fjölskylda

gáfu hjúkrunardeildinni Fossheimum peningagjöf að upphæð kr. 1 millj. í tilefni opunar deildarinnar 28. apríl 2008 í minningu um eiginkonu Hafsteins Ragnhildi Ingvarsdóttur.

Körfuboltaakademía FSu og Krabbameinsfélag Árnassýslu

gáfu líknardeild sjúkrahússins 2 sjónvarpstæki (flatskjái) að verðmæti kr. 224 þúsund.

Kvenfélag Hrunamannahrepps

afhenti heilsugæslustöðinni í Laugarási peningagjöf að upphæð kr. 50 þúsund til kaupa á sùrefnis- og blóðþrýstingsmæli ásamt ungbarnavog.

Heilsugæslustöðin á Kirkjubæjarklaustri

fékk samtals kr. 335 þúsund gjafafé til kaupa á neyðartösku barna og fylgihlutum ásamt augn- og eyrnaskoðunartæki frá eftirtöldum aðilum: Kvenfélagi Hvöt kr. 75 þúsund, Rauða krossi Íslands Klausturdeild kr. 60 þúsund, Kvenfélagi Kirkjubæjarklaustri kr. 150 þúsund og Kvenfélagi Skaftártunguhrepps kr. 50 þúsund.

Jónas Vignir Grétarsson

gaf stofnuninni hvíldarstól fyrir sjúkradeildina til minningar um eiginkonu sína Sigríði Sigurðardóttur.

Hjúkrunardeild Ljósheima fékk peningagjöf frá einstaklingi kr. 30 þúsund.

Drífa Pálsdóttir

gaf hjúkrunardeildinni Ljósheimum bækur úr bókasafni Páls Hallgrímssonar til minningar um föður sinn.

Stofnunin fékk einnig að gjöf stóran fíkus í blómapotti sem staðsettur er í anddyri stofnunarinnar.

Heilbrigðisstofnunin á Selfossi færir gefendum bestu þakki fyrir höfðinglegar gjafir og ómetanlegt er að eiga slíka stuðningsaðila. Gjafir þessar bera merki um hlýhug og metnað fyrir uppbyggingu stofnunarinnar til þess að veita íbúum Suðurlands sem öruggasta þjónustu.

Megi Guðs blessun fylgja þessum félögum og einstaklingum.

Verðmæti gjafa ársins eru tæplega 18,2 milljónir króna